

5. apríl 2019

Heiti: 2019030412 - Skólamáltíðir - fundargerð bæjarstjórnar unga fólksins

Málsnúmer: 2019030412

Málsaðili: Akureyrarbær - Ungmennaráð

Skráð dags: 5.4.2019 13:22:48

Höfundur: Elva Björk Einarsdóttir

Bæjarráð hefur á fundi sínum þann 4. apríl 2019 gert eftirfarandi bókun:

Lögð fram fundargerð bæjarstjórnar unga fólksins dagsett 26. mars 2019.

Bæjarráð vísar lið 5 til fræðsluráðs

Liður úr fundargerð bæjarstjórnar unga fólksins:

5. Skólamáltíðir

2019030412

Þura Björgvinsdóttir kynnti málið f.h. ungmennaráðs.

Í gátlista um næringu fyrir heilsueflandi samfélög segir:

„Hollur og næringarríkur matur, í samræmi við ráðleggingar Embættis landlæknis um mataræði, getur haft áhrif á heilsu, líðan og starfsorku íbúa. Heilsusamlegt mataræði er mikilvægt til að stuðla að góðri heilsu og tengist einnig menningu, sjálfbærri þróun, lífsgæðum og fleiru. Það að bjóða upp á hollan og næringarríkan mat í leik-, grunn-, framhaldsskólum og frístundaheimilum er góð fjárfesting til framtíðar.“

Tillögur:

Bæjarstjórn beiti sér fyrir því að skólamáltíðir í öllum skólum séu næringarríkar, úr fersku hráefni og að fjölbreytt úrval ávaxta og grænmetis séu í boði.

Skólamáltíðir 16-18 ára verði niðurgreiddar.

- Hlynur Jóhannsson bæjarfulltrúi brást við f.h. bæjarstjórnar og hrósaði ungmennaráði fyrir hnitmiðaðar tillögur. Sagðist sammála því að mataræði væri mikilvægt atriði og þess vert að huga betur að.
- Hulda Margrét Sveinsdóttir tók til máls og vitnaði til ráðlegginga Embættis landlæknis um mataræði og taldi skólamáltíðir ekki uppfylla þau viðmið.